

22. september 2014 kl. 19:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Ása Pedersen, Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir og Sigríður Ásta Hauksdóttir.

Finnur Víkingsson formaður hverfisnefndar sat fundinn frá klukkan 20:00.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Bekkjarfulltrúar. Farið yfir bekkjarfulltrúalistann fyrir árið 2014-2015. Enn vantar bekkjarfulltrúa í ákveðna bekki. Hvetjum við foreldra til að kippa því í liðinn sem fyrst.
2. Fundur með bekkjarfulltrúum. Haldinn verður fundur með bekkjarfulltrúum allra bekkja 21. október klukkan 19:30-20:00. Sigríður Ásta mun stjórna þeim fundi fyrir hönd foreldrafélagsins og kynna fyrir bekkjarfulltrúunum hvert hlutverk þeirra er og hvernig best er að bera sig að varðandi bekkjarviðburði og fleira.
3. Myndasíða. Ákveðið að setja af stað myndasíðu á heimasíðu Giljaskóla undir foreldrar, þar sem hægt er að birta myndir frá viðburðum og bekkjarhittingum. Hvetjum við foreldra til að vera duglegir að skoða og senda inn myndir á síðuna. Myndirnar skal senda á ellae@akmennt.is.
4. Greiðslur til bekkjarfulltrúa. Halda á sama fyrirkomulagi með greiðslur vegna bekkjarviðburða. Foreldrar koma með kvittun til Guðbjargar gjaldkera og hún endurgreiðir kostnaðinn upp að því marki sem áætlað er á hvern bekk. Foreldrar hafa möguleika á að fá greitt fyrirfram ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi s.s. ef viðburður hittir á helgi o.s.frv.
5. Fótboltar. Foreldrafélagið ætlar kaupa 6 fótbolta fyrir nemendur skólans og körfu undir boltana sem Ella ritari skólans heldur utan um í skólanum.
6. Foreldrasáttmáli. Bæklingnum verður dreift í alla bekki skólans á haustönninni.
7. Brettarampar. Finnur Víkingsson mætti í lok fundar fyrir hönd Hverfisnefndar Giljahverfis og kynnti fyrir stjórninni áform um að fá brettarampa á skólalóð Giljaskóla. Hverfisnefndin ætlar að taka þátt í kostnaði og er að vinna að því að fá viðeigandi aðila hjá Akureyrarbæ til að samþykkja þessi áform og taka þátt í kostnaði og framkvæmd. Foreldrafélagið fylgist vel með gangi máli og verður í sambandi við fulltrúa Hverfisnefndar hvað þetta mál varðar.

Næsti fundur verður mánudaginn 3. nóvember klukkan 19:30.

Fundi slitið kl. 20:30.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir